

Inngangsræða að ársfundi

(Framh. frá 2. bla.)

hendur yfir þau og ánaði þeim góða. En eftir mörgum atvikum að dæmi, er það land eigi til í hugum alls fjóldans nú sem lífandi manna bústaður, heldur landið í hinni helgu bók. Um börnin, afkomendur barnanna, sem meistarinn tók sér í það og blessaði, virðast lærisveinar á þessari öld lifa líða. Þeir ávita ekki þá, sem fara þau til hagar, en kannske líka vegna þess að lífðar eru nú 19 aldir síðan hann var tekinn ofan af krossinum og lagður í grófina. Að eigi hefir verið gengið ríkara eftir með þessa söfnun, en þert hefir verið, hefir komið til af því að það hefir all-víða fundið sér stað, að eigi væri hún jafn réttá og sumar áður, og með henni væri tekið frá öðrum fyrirtækjum. En hún sama gildir með söfnun, sem annað, að eigi verður sami dollaring gefinn nema einu sinni.

Flest þessi verk hafa verið smá vegna þess hvað getan var lítil. Og þau hafa öll verið smá, þegar þess er gætt hvað heimurinn og hús-tóra mannfélag hefir gert. En hafi þau að einhverju leyti orðið til þess að varna því að húsunin yrði of inngróin, hafa þau eigi verið þjóð-ingarlaus. Og erum vér þá betur undirbúin að gegna köllun hins tilkomandi tíma.

Vetraraukinn er lífinn, erfiðleika-tímabilið mikla horfið í hafið, og heimurinn að ferast hún á nýja tíð. Enginn skyldi þó ætla að þar með væri öllum erfiðleikum lokið. Með sér lýtur hún nýja tíð ný viðfangs-etni, nýjar röðugar og þeim til úr-lausnar verður hver að leggja fram sitt besta. En framtíð kirkju vorr er er örug og víð. Húð turðulega við allan mannlegan félagskap er, að því fleiri viðfangsefni, þess trygg-ari og öruggari er framtíðin. Eftir ekkert er að gera, er fyrir ekkert að lífa og þá hefir lífið að vera til. En að hinum nýju viðfangsefnum ber að ganga með öruggri trúartil-finningu, hinni djúpu trúarvitund, að ekkert verk er svo til, að eigi hafi það þjóðing, annaðhvort fyrir þann sem það vinnur, eða þá sem þess eiga að njóta. Ekkert verk er svo smátt að eigi hafi það þjóðing fyrir þjóðfélagið. Sigurorð hinna nýja tíðar verða: "sameignin, hófsemi, al-vörugleifi og bróðurhugur". Og henni samfara sú trúarhugun, er örug reynist í lífi, örug í dauða, og mesta sælu og fullnægð veltir hinni andlega lífi mannsins. — hug-sjónallfinn, tegundartilfinningunni, réttlætisbránni, eilífleika voninni. Þeir veggir eru hrundir, er hláðir hafa verið milli manna. A hlúni komandi tíð verða fleiri samferða og eiga saman vonir sínar, þrár, ástir, og eftirvæntingar. Það verður blóð-anna, fólksins tíð. Í því samfélagi ráða nýjar hugsanir, ný trú, það er að segja ný trú í vissum skilningi, trúin, sem treystir guði og eigi er á-valt óttalegin yfir því að hann bregðist trausti sínu, og skilur að bezt arturinn, sem hún forna síð-menning hefir eftir látið, er andi, dæmi og stefna leiðtoganna horfu, fremur en orð þeirra og setningar, er andi og hugafar meistarans mikla, stærsta og mesta bróðurinn, og þeirra, sem honum líkir hafa lífað og dáið. Og hverjum þeim félagsmálum, sem auðnast að haga verkum sínum á þann hátt, er framtíðin víð, því þeim fylgir á brautina velþökun og blessun guðs og ljós eilífðarlínnar lýsa þeim. Dimman verður aldrei dökk, og nóttin lýsir sem dagurinn, og myrkrið sem ljós.

R. P.

Móðurrödd.

Sumum finnst ef til vill það sé að bera í bakkafullan lækinn að segja meira en þegar hefir verið sagt viðvikjandi minnsvarðamál-inu; en þar sem það mál hefir átt bólfestu í huga mínum síðan því var fyrst hreyft í blóðunum, langar mig til að láta í ljós skoðun mína á því. Vil eg gera það án minstu ónóta til nokkurs er gagn-staða skoðun hefir á málinu, vit-andi vel að þeir hafa sama rétt til skoðana sinna og eg hefi til minna.

Eg er eindregið með því, að okkar föllnu hermannum sé reistur minnisvarði úr steini. Sá minnis-varði vil eg að sé látinn standa undir berum himni, og einnig vildi eg óska mér að Íslendingar kæmu sér saman um einn dag á ári hverju til að minnast þeirra, sem lifa sitti létu í styrjöldinni miklu. Langar mig með fáum orðum að útskýra þær ástæður, sem eg hefi fyrir að

komast að þessari niðurstöðu.

Minniherkið sem reist verður, hlýtur annaðhvort að vera stein-varði eða þá líknaðstofnun ein-hverrar tegundar, helguð minn-ingu hinna föllnu. Hvenær mundu allir Íslendingar koma sér saman um hvaða líknaðstofnun það ætti að vera? Hvenær mundu þeir allir fallast á eitt með það hvar hún ætti að standa? Og ef þeir gætu nú komið sér saman um þetta tvent, þá yrði þriðja atriðið það, hvaða trúflokki þar ætti að ráða fyrir, og við vitum öll að á því atriði mundi þjóðbrotið okkar vestan hafa brotna og einhver flokkur eða einhverjir flokkar yrðu þar utan við. Og þó aldrei nema við værum svo hjartásynir að trúá því að Íslendingar væru svo sam-vinnuþýðir að þeim tækist að koma sér saman um þetta allt og stofnuðu líknaðstofnun, þá finst mér að hún mundi ekki halda við minningu drengjanna. Nöfnin þeirra gleymdust eins fyrir því, og eftir nokkur ár mundi yfirfinnast að þessi líknaðstofnun hafi í upphafi verið helguð slíkri minningu.

Sumir hafa talað um að steinin væri "of kaldur". Það á víst að vera líkingamál, sem brúfur. Finst ykkur, sem þannig hafið skrifað, að legsteinn hjá ástvinarleiði beri vott um kulda hjá þeim sem lífa og syrgja? Komið með mér í huga ykkar inn í kirkjugarð og berið þar saman tvö leiði, annað þakið illgæsi og ekkert merki þar hjá til að sýna hver þar hvílir, hitt hulið blóðum og smekklegum steini hjá með nafni og tveimur ártölum á. Ósjálfrátt þessu mér í hug að minning þess, sem þar er lagður, sé einhverjum nógu mikils virði til að láta grafa nafnið hans á stein, sem ekki eyðist; og endurminningar er þessi tvö ártöl, sem á steininn eru grafin, vekja, eru einhverjum nógu mikils virði til þess að vin-arhendum rækta þann blóm, sem auðsáanlega er þeim "heilög jörð". — Ber þetta vott um kulda? Nei, minnisvarðar, þó úr steini séu gerðir, eru talandi vottur um kær-leika, söknuð og þakklæti þeirra, sem átt hafa vin og mist.

Við, sem grafir eigum fyrir handan hafið, eigum ekki kost á að hlú að þeim. Flest okkar sjá-um þær aldrei. Hvert okkar gæti reist minniherki í sínum ættar-reit í kirkjugörðum víðsvegar um landið. — En ætti ekki betur við að öllum drengjunum, sem féllu, væri reist sameiginlegt minni-merki af Vestur-Íslendingum? Drengirnir þessir komu með sínar mismunandi skoðanir úr bygðum Íslendinga víðsvegar að, frá mis-munandi kringumstæðum fóru þeir, með mismunandi gáfur, orð-stir og útlit. Allir sameinuðust þeir til þess að berjast og falla fyrir þá mállefni er þeir álitu rétt. Er minning þeirra ekki svo mikils virði fyrir Íslendinga, að þeir hér í dreifingunni vildu nú sameina sig um þetta mállefni? Láta deilar hverfa og persónuleg ónot hætta, og sýna að þeir meti fórn dreng-anna nógu mikils til að láta grafa nöfn þeirra á þann stein, sem stendur um okomnar aldri.

Láð hefir verið um að byggja hús, sem yrði eign hins íslenska þjóðernisfélags og hafa minnis-merkið þar inni. Við þá hugmynd felli eg mig ekki. Íslensku þjóð-erni óska eg alls góðs og bið guð að halda verndarhendi yfir því. En minnisverði fallinna hermanna vil eg að verði gerður svo traust-ur að yfir hann þurfi ekki að reisa neitt þak af mannelegum höndum gert. Úti undir berum himni vil eg að hann standi, þar sem storm-urinn stynur og himinninn grætur. Standi þar sem ímynd hreyttinnar og sem ímynd þess góða alls í heiminum. "Sem bregður ei né breytir sér". Til þess að það afi mætti sigr, skilist mér að dreng-irnir okkar hafi gefið líf sitt.

Einhver spyr ef til vill hver þetta sé, sem lætur sig þetta mál skifta, og því verði sé að eyða meira rúmi í blóðunum en búið sé um

þetta mál. Undir einum lága við-arkrossinum á Frakklandi hvíla þein yngsta sonar mína. Í grófi hans hvílir líka lífaglesið mín. Því er það að eg þrái að Íslendingar samþínist um þetta mállefni, þrái að þeir meti fórnina drengsins míns og allra hinna drengjanna, meti tár ástvina þeirra nógu mik-ils til að hætta öllu hnútkasti í skjóli þessa mála, taki saman höndum eins og drengirnir okkar gerðu og reisi það merki, sem sýn-ir okkum kynslóðum að vestur-íslensk þjóð þakkar og saknar drengjanna, sem mættu dauða sín-um fyrir frelsi þess lands, er þeir höfðu lært að kalla sitt.

Móðir fallins hermanna.

Magnús Magnússon Holm.

Fæddur 9. desember 1880.

Dáinn 19. nóvember 1918.

Vér skaparans ráðstjórn ei skiljum —því skammstýn er andi manns— en efast samt ekki viljum að aldrei bregst kærleikur hans.

Þegar hinsta kallið kemur komist getur enginn hjá. Úrbarðði ætíð hlýða ungur jafnt sem gamall má.

Um hádegi æfi sinnar, — ástvinanna hópi frá. Magnús Holm var hédan kvaddur hinar æðri stöðvar á.

Mætan dreng þar mistan höfum, merki dygða hreint sem bar. Glögt að öllu góðu kendum, Guði og mönnum þekkur var.

Hans því margir sáran sakna, sorgar höfug fella tár. Skyldulið hans mest þó misti, mest og djúpt er hrepti sár.

Hann með ástar helgum böndum hjörtum þess æg tengdur var; enda kröftum öllum varði ætíð því til farseldar.

Mannfélagið má hann trega, manndóms hann því gekk á braut; fyrir dað og drengskap sannan dýrra vina hylli naut.

Lagður þó sé lík í moldu lífir orðstír gífurlegs manns, vinum hjá og vandamönnum verðleika sem þektu hans.

Sigin er svalan í Ægi söl um hádaginn, æfisol vinarins valda er vermdi' oss og lýsti.

Svo mælir hans tregandi móðir og munarsæð kvinna, og unglómin heitar sem unni hinn ástriki faðir.

En háleita himneska vonin þá huggun oss gefur, að síðar verj samfélag eigum í sælunnar ríki.

Þar sem öll þraut er á enda og þrotið vald heljar, í einungu andans vér lifum um eilífri tíðir.

Því vitid, að Guð er algöður og græðir öll sárin, er hlutum í hævistar stríði, þá hjartanu blæddi.

Hann sameinar sálirnar aftur og sigurinn gefur, öllum er aðstoð hans treysta og eilífri speki.

Fyrir hönd ástvina hins látna.

S. J. Jóhannesson.

Dvöl mín meðal Eskimóa.

My life with the Eskimo. New York 1913.

Eftir Vilhjálm Stefánsson.

(Íðunn 1919.)

Þegar eg var búinn að borða nægju mína af fersku selskjöti og búinn að drekka tvær merkur af

blóðsúpu (villibráð) settumast við húsabóndinn lengra upp á fletið til þess að sitja okkur hægar með því að halla okkur upp að bólastum úr mjúkum hreindýrafeldum. Og svo tókum við að massa um hitt og þetta. Raunar spurði hann og konan hans mig að eins fárra spurninga og þá að eins slíkra spurninga, sem ekki gátu talist ó-hæversakar, hvorki frá þeirra sjón-armið né okkar. Þeim var það fullkomlega ljóst, sögðu þau, hvers vegna við höfðum skilið eftir konuna, sem með okkur var, þegar við vorum komnir á slóð þeirra, því að það er altaf örugg-ara að gera ráð fyrir því, að fænd-ur sitji á fletjum fyrir; en nú er við vissum, að þeir væru okkur bætt-ur, því veitir og hreklausir, ættum við að leyfa þeim að senda sleða eftir konunni þegar að morgni. Þau höfðu oft heyrð þess getið, að forleður þeirra hefðu hitt fólk að vestan, og nú er þau höfðu verið svo heppin að hitta menn að vest-an, þætti þeim líka gaman að sjá kvenmann þaðan. Það hlýti að vera langt til landsins, sem við komum frá; og værum við nú ekki orðnir svo þreyttir á þessu ferðalagi, að við vildum dveljast með þeim sumarlengt? Náttúr-lega þætti þeim, sem byggju fyrir austan á, líka gaman að sjá okkur og myndu reynast okkur vel, nema ef við færum of langt austur á bóg-inn, og rækjumst á Netsilik-Eski-móa (á Vilhjálmseyju), en það væri ilt fólk og undirfúrt og hefði — þótt undarlegt þætti — enga höku. Handan við þá byggju, eftir því sem þeim hafði verið sagt, hvítir menn (kablunar) sem við náttúrlega hefðum aldri heyrð getið um, þar sem við kæm-um að vestan, og hvítir menn kúa allra þjóða lengst burtu í austur. Að sögn tíðkast með þeim ýmis-konar vanskapanar; sumir væru t. d. sagðir að hafa að eins eitt auga í miðju enni, en auðvitað væri þetta ekki áreiðanlegt, því að þau óðar að segja mér alt af létta fregnir, sem bærust svo langt að, væru jafnan vafasamar. En mjög þætti hvítir menn kenjótir í hátt-um sínum; gæfu þeir Eskimóa eit-tíðir dað og drengskap sannan dýrra vina hylli naut.

Öllu þessu og mörgu öðru var þér sagt frá á hinn vingjarnlegasta hátt; og þurfti að eins að gefa þeim ofurlitla bendingu um, hvað mig lýsti helzt að vita og þá fóru um það, en sjálf voru þau mjög varfærir í spurningum sínum. Langaði þau ekki til að vita hvers vegna eg væri kominn hingað og hvert eg ætlaði? Já, þeim þætti gaman að því, en eg mundi þá segja þeim það, ef mér þóknaðist. Þetta fólk var ekki vant því að spyrja ókunnuga margra fréttu, en aftur á móti hélt það, að eg spyrði svo marga, af því það væri nú til síðs hjá mínum kynþætti; og ekki væri annars að vænta en að menn, sem væru komnir svona langt að, hefðu aðra síði: þeim þætti ekki nema vænt um að geta leyst úr spurningum mínum og eg mætti vera hjá þeim marga daga, áður en þeim tæki að leiðast það að sýna mér öll merki þess, hversu vænt þeim þætti um komu mína.

Svona sátum við og mósuðum alt að því klukkutíma, eftir að við vorum búinir að borða, þegar boð komu um það — og það voru alt-af börn, sem báru boðin — að fé-lagar mínir væru komnir til húss þess, sem bygt hafði verið handa okkur og menn væntu þess, að eg kæmi líka, því að húsið væri stórt og rúmgott, svo að margir gætu komist þar fyrir í senn og skrafað hättum þeirra, að fyrstu morgun- við okkur. Þegar þangað var

komid, á eg, að þótt rúmur helm-ingur allra þorpabúa væri kominn þangað, var nóg rúm innan húss handa þeim fjórum til fimm mön-n-um, sem mér höfðu fylgt. Innri helm-ingur gólfins hafði, eins og vant er, verið hækkaður um 2 fet, svo að hann yrði notaður fyrir svefn-pall, og var hann þakinn sum-spurninga, sem ekki eigin skinnum og sum-part annara frá ýmsum heimilum, svo að ekki væsti um okkur. Ljós-keri með sellýsi til hitunar og lýs-ingar hafði einnig verið komið fyrir þar. Það var vistlegt þarna inni, því að ljóskerið var höfð að hita upp í 16 stig á C; enda þótt loftstraumur staði inn um dýrn-ur dag og nótt og sýgist jafnóðum upp um strompinn á þakinu. Á svefn-pallinum var seti fyrir 15 manns með krosslagðar fætur, en á gólfinu fyrir framan gátu auð-veldlega staðið aðrir 15 manns.

Þótt höfði væri fult af gestum, þegar eg kom, stóðu þeir að eins við nokkur augnablik, af því að einhver skaut því að þeim, að við hlýtum að vera þreyttir og sýfjað-ir og hefðum því gott af að fara að hvíla okkur. Við mundum hafa nóg næði til þess að talast við að morgni, sögðu þeir. Við fór-um nú samt ekki að sofa, þegar þeir voru farnir, heldur sátum við uppi hálfu nóttina og ræddum um alt það nýstárlega, sem fyrir okk-ur hafði borið. Eskimóarnir mín-ir virtust enn æstari af því öllu en eg. Þeim fanst eins og þeir hefðu lifað einhverja af sögum þeim, sem gömlu mennirnir segðu stund-um í skammdeginu í samkomuhús-unum. Að visu var þetta vin-gerlegt fólk og sagleysilegt út-lit, en samt sem áður mundi það vera hættulega göldrótt eins og fölk í sögunum, sem feður þeirra hefðu sagt þeim frá í æsku. Mac-kenzie-sveinninn minn, Tanna-mirk, þóttist hafa heyrð dæmi þess hjá mannum, sem hann hafði borðað hjá; hann hafði mist hnif sinn niður um ís á selveidum, en svo öflugir voru eðarnir, sem hann þuldi yfir vökinni, að vatnið tók þonum að eins í olnboga og þó náði hann hnifnum á hafsbotni. Og þetta gat hann, að sögn Tann-aumirks, þrátt fyrir það, þótt isinn væri fullur faðmur á þykkt, og sjór-inn svo djúpur, að steinn hefði verið þó nokkra stund að getta til botns.

Enda þótt eg vissi, hvaða svars-mætti vænta, spurði eg menn mína; hvort þeir gætu trúað slíku. Vitanlega. Hvernig gæti eg spurt? Hefðu þeir ekki oft sinnis sagt mér að menn af þeirra kynþætti hefðu getað þetta þangað til fyrir fáum árum, er þeir höfnuðu guðum á sinna, en tóku að trúa á himnaríki og helvíti eins og trúboðarnir kendu þeim, þar eð enginn gæti orðið hölpinn, er hefði anda í sinni þjófnustu. Það væri leitt, að sálu-hjálpar manns og andasæringar væri ósamrýmanlegt, náttúrlega ekki til þess að finna týnda muni, en til þess að geta læknað sjúk-dóma og ráðið veðrum og ísalög-um; en til þessa dygðu þeir ekki agnarögn á móts við gömlu gald-ana. Vitanlega gætu þeir ekki beint tregað missi þessarar gömlu kunnáttu, því að hvað væri hún á móts við þessa ómetanlegu vissu um sálhjálp, sem feður þeirra hefðu farið á mis við fyrir það, að trúboðarnir komu svo seint til þeirra. Það væri ekki nema skammstýni að harma það, þótt maður yrði nú að sjá af þessum kynjamætti tillækninga, sem mað-ur hefði áður haft, því að guð vissi að bezt, hvenær maður ætti að deyja, en fyrir þann, sem er bænkinn og heldur hildardaginn heilag-an, er dauðinn að eins inngangur til sælla lífs.

EKKI dátt okkur í hug, þegar við vorum komnir á kirkir innan húss morguninn eftir, að menn hefðu lengi staðið á hleri utan húss og beðið þess að heyrja einhvern vott þess, að við værum vaknaðir. Nú veit eg það, eftir að hafa kynst háttum þeirra, að fyrstu morgun-gestir okkar biðu merkis þessa frá

manninum, sem hafði hitt okkur fyrst kvöldið áður. Hann kom gangandi hægun skrefum frá þorpinu og söng eins hátt og hann gat, svo að við gætum vitað fyrir komu hans. Og þegar hann kom að útidyrnum á okkar 22 feta löngu göngum, staðnæmdust hann og hrópaði: "Eg er N. N., hefi ekkert ilt í hyggju og engan hnif. Má eg koma inn?" — Þetta var altaf viðkvæðið við okkur; en sín á milli létu þeir sér nægja að til-kynna hver kominn væri: "Eg er N. N.; er að ganga í bæinn."

Það bar margt á göma morgun-inn þann. Hverjir væru náðar þeirra austur og norður? Hvort þeir nokkrir sinni hefðu komist í kynni við Indíána að sunnan? Hvort þeir vissu nokkuð um, að hvítir menn hefðu heimsótt land þeirra (eg gat nefnilega hugað, þótt ekki væri líklegt, að einhverj-ir hefðu komist lífa af af hinu ó-gæfusama skipi Franklins, sem hafði strandað fyrir meira en hálfrí öld í nánd við austurströnd Victoríu-eyjar, og höfðu þá lifað nokkurt skeið með þessu fólki). Enda þótt þeir eflaust væru jafn-forvitnir um okkar hagi og við um þeirra, spurðu þeir þó fárra spurn-inga, jafnvel þótt eg hefði gefið þeim tilfelli til þess með mínum mörgu spurningum. Hin aðdæm-lega stilling þeirra og hæverska kom mér til að blygðast mín meir en nokkru sinni fyrir forvitni mína, því að mannfærðingur verður að spyrja marga og sumar spurningar hans eru ærrið nær-ungular; en þessir menn leystu úr öllu á hinn góðlátlegasta hátt. Aldrei höfðu þeir lítið hvíta menn þótt þeir hefðu heyrð það af þeim sagt, sem þeir greindu frá í gær; ekki höfðu þeir heldur séð Indí-ána, en mínjar þeirra hefðu þeir séð á meginlandinu sunnarlega þar sem moskusuxarnir eru, en að sögn Eskimóa við Coppermine River væru Indíánar bæði sviklir og grimmir, illir og göldróttir; að sögn þó ekki eins miklir gal-lra-menn og hvítir menn, en hneigðari fyrir að nota galdra sína til ills eins. Í austur byggju ýmsi Eski-móa-kynþættir, sem væru þeim vinveittir (og nefndu þeir eina 12 þeirra). En í norður á Victoríu-eyju, byggju tveir kynþættir og væru þeir skemst í burtu, enda beztu vinir þeirra.

Og hvað hugsuðu þeir um mig — hverrar þjóðar héldu þeir að eg væri? Já, þess þyrftu þeir nú ekki að geta, þeir vissu það, því að Tannaumirk hafði sagt þeim, að eg teldist til Kupagmi-uuta; en af þeim hefðu feður þeirra haft margt að segja, en ekki til hins fjarlegari kynþáttar, sem félagi minn Natkusiak væri kom-inn af, enda væri sú mállyzka ólík-ari en okkar og þeir hefðu ekki heyrð um þann kynþátt, getið fyr en í gær. En — fanst þeim þá ekki, að eg væri undarlega eygður (augnaliturinn blár) og skritinn litur á skeggjun (sem var ljós-jarpt), og fanst þeim ekki líklegt, að eg væri einhverjar ammar þjóðar? Svandi var alveg af-dráttarlaust: — "Við höfum enga ástæðu til að halda, að þú sért annar þjóðar. Mál þitt er að eins ofurlítið ólíkara okkar máli en mál þeirra kynþátta, sem við verzlum við á hverju ári, og að því er snertir augu þín og skegg, þá svipar þér mjög til sumra náðna vorra fyrir norðan, sem þú verður að heimsækja. Þetta eru beztu vinir okkar, og það mun anga þá mjög, ef þú heldur lengra austur á bóginn án þess að heimsækja þá." — Við komum okkur því saman um, að við skyldum á morgun heimsækja þetta fólk á Victoríu-eyju, sem nú hafði verið lýst svo fyrir mér, að eg gæti hugað að hitta þar eftirkomendur einhverjra af mönnum þeim, er fórust í Franklins-leiðangrinum. — Nú veit eg raunar að þetta verður að skýra á annan hátt.

Eitt af því, sem mér lék einna mestur hugur á, var að sjá þá (Framh. frá 7. bla.)